

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 2012-2013

Fjarfundur var haldinn 16. maí 2012. Mætt voru í hús Menntavísindasviðs: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Guðni Olgeirsson, Björg Bjarnadóttir, Svandís Ingimundardóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir. Sigrún Vésteinsdóttur, umsýsluaðili Sprotasjóðs var á Akureyri.

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 12:15. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

1) Ráðstefna Sprotasjóðs og Samtaka áhugafólks um skólaþróun

Samtök áhugafólks um skólaþróun og Sprotasjóður hafa ákveðið að efna til ráðstefnu um þróunarstörf í skólum og er fyrirhugað að ráðstefnan verði haldin 9.-10. nóvember n.k. í Norðlingaskóla í Reykjavík. Þann 7. maí s.l. sendi umsýsluaðili út bréf til allra styrkþega Sprotasjóðs frá árunum 2009-2012 og bað þá um að láta vita hvort þeir hefðu áhuga á að taka þátt og kynna sín verkefni. Viðbrögðin voru afar jákvæð og greinilegt að margir hafa verið að bíða eftir vettvangi til að geta kynnt sín verkefni. Mánudaginn 21. maí kl. 16:30 munu svo samtökin ásamt nokkrum aðilum úr stjórn Sprotasjóðs hittast og ræða nánara skipulag ráðstefnunnar. Umsýsluaðili heldur skrá yfir þá sem hafa sýnt áhuga að taka þátt og mun senda stjórn sjóðsins hana fyrir fundinn.

2) Umsóknarform sjóðsins

Stjórnin ræddi kosti og galla umsóknarformsins. Stjórn sjóðsins lagði til að endurskoðuð yrðu nokkur atriði varðandi formið og var umsýsluaðila falið að gera uppkast að breyttu formi og senda það til stjórnar.

3) Úthlutun Sprotasjóðs 2012-2013 - staða mála

Rætt var stuttlega um stöðu mála vegna nýlegrar úthlutunar sjóðsins. Umsýsluaðili fór yfir stöðuna og er nú unnið að því að gera samninga við styrkþega.

4) Önnur mál

Rætt var stuttlega um að áhugi væri fyrir því að gera www.sprotasjodur.is að heimasíðu sjóðsins og var umsýsluaðila, ásamt formanni stjórnar Sprotasjóðs, falið að skoða það mál nánar ásamt kostnaði í kringum það.

Einnig var rætt stuttlega um að fara þyrfti yfir leiðbeiningar um áfanga- og lokaskýrslur með hliðsjón af nýju umsóknarformi. Ekki vannst tími til að ræða það nánar á þessum fundi.

Ekki voru önnur mál til umræðu á fundinum og var honum slitið kl. 13:30